

REGLUGERÐ**um breytingu á hafnarreglugerð nr. 72 31. maí 1961 fyrir Vestmannaeyjahöfn.****1. gr.**

b.-liður 49. greinar reglugerðarinnar fellur niður og breytist stafrófsröð eftirfarandi liða í samræmi við það.

2. gr.

Á eftir 10. flokki í 51. grein reglugerðarinnar kemur nýr flokkur, sem verður 11. flokkur og orðast þannig:
11. flokkur. Gjald kr. 10 fyrir hvert tonn af lönduðum fiski til vinnslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. apríl 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ**um breyting á hafnarreglugerð fyrir Breiðdalsvíkurhöfn, nr. 4 3. janúar 1945, sbr. reglugerð nr. 119 30. júlí 1957.****1. gr.**

8. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Skipa- og bátagjöld skal greiða sem hér segir:

Hvert aðkomuskip, sem hafnar sig og fermir eða affermir, greiðir í hvert skipti af hverri brúttórúmllest kr. 0.60, þó skulu innlend strandferðaskip, sem sigla eftir föstum áætlunum, einungis greiða gjald þetta í fyrsta skipti er þau koma á höfnina á hverju ári.

Heimilisfastir bátar á Breiðdalsvík greiði einu sinni á ári kr. 15.00 af hverri brúttórúmllest.

2. gr.

9. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:

Kol, salt, sement, stál, stálvörur, nýr fiskur, slægður og óslægður, saltaður fiskur lagður á landi úr fiskiskipum, síld lögð á land til bræðslu, söltunar eða frystingar.

2. flokkur. Gjald 250 aurar fyrir hver 100 kg:

Garðávextir, freðfiskur, verkaður saltfiskur, lýsi, steinsteyptar vörur, freðsild, alls konar óunnið járn, saumur, eldfastur leir, gólf- og vegg-